

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 142/23**  
**komudagur 18.6.2013**



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. júní 2013

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila**

Lögð hefur verið fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, 9. mál, þingskjal 9. Tillagan var send Landsbankanum til umsagnar með tölvupósti þann 14. júní sl.

Í tillögunni er að finna yfirlit yfir aðgerðir sem ætlað er að taka á skuldavanda heimila vegna höfuðstólshækkunar verðtryggðra húsnæðislána. Jafnframt er í tillögunni tilgreint hvernig aðgerðir þessar verði útfærðar.

Á undanförunum árum hefur Landsbankinn unnið ötullega að því að leysa úr skuldavanda heimila, einstaklinga og fyrirtækja. Það er mat Landsbankans að sú reynsla sem skapast hefur innan bankans í þeim efnum kunni að reynast afar gagnleg við þá vinnu sem framundan er við að útfæra nánar þær aðgerðir sem lagðar eru til í þingsályktunartillögunni. Landsbankinn lýsir sig reiðubúinn til að miðla af þeirri reynslu og að eiga samstarf við þá aðila sem koma munu að útfærslu aðgerðanna verði þingsályktunartillagan samþykkt.

Virðingarfyllst,

Steinþór Pálsson

Bankastjóri